# *Nr. 070 / 16 Jötunn*

## *Skipverji slasast við fall*

*Skipaskr.nr.* 2756
*Úgerð:* Faxaflóahafnir sf
*Smíðaður:* Gorinchem Holland 2008, stál
*Stærð:* 86 brl. 95,7 bt.
*Mesta lengd:* 19,44 m *Skráð lengd:* 17,77 m
*Breidd:* 7,3 m *Dýpt:* 3,39 m
*Vél:* Caterpillar 1492 kW, 2007
*Fjöldi skipverja:* 2



Jötunn©Guðmundur St. Valdimarsson

***Gögn:***
*Gögn RNSA*

*Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í dómsmáli.*

## *Atvikalýsing:*

Þann 1. júlí 2016 var dráttarbáturinn Jötunn við bryggju í Reykjavíkurhöfn. Veður: 8,5 m/s.

Skipstjórinn var að þrífa brúarglugga að utanverðu og stóð með annan fótinn upp á rekkverki og hinn á lúgu fyrir framan brú. Við þrifin skrikaði honum fótur með þeim afleiðingum að hann féll á rekkverk með vinstri síðu og brákaði rifbein.

## *Við rannsókn kom fram:*

- að slasaði sagði að svæðið hefði verið sápublautt, hann runnið til og fallið.

## *Nefndarálit:*

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.